

Botndýra- og seiðarannsóknir í
vatnakerfi Skaftár og
Kúðafljóts sumarið 2002

Erla Björk Örnólfssdóttir, Benóný Jónsson,
Magnús Jóhannsson og Ragnhildur P. Magnúsdóttir

Reykjavík, mars 2003



Veiðimálastofnun
Institute of Freshwater Fisheries

Botndýra- og seiðarannsóknir í
vatnakerfi Skaftár og Kúðafljóts
sumarið 2002

Erla Björk Örnólfssdóttir, Benóný Jónsson,
Magnús Jóhannsson og Ragnhildur P. Magnúsdóttir

Reykjavík, mars 2003, VMST-R/0303

Unnið fyrir Landsvirkjun og Rarik

Veiðimálastofnun
Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík

Efnisyfirlit

	Bls.
Ágrip.....	1
Inngangur	3
Rannsóknaraðferðir	5
Botndýrarannsóknir	5
Seiðarannsóknir	8
Staðhættir	8
Niðurstöður	13
Botndýrarannsóknir	13
Seiðarannsóknir	19
Umræða.....	21
Þakkir.....	25
Heimildir	26
Viðaukar.....	29

Ágrip

Vatnakerfi í Skaftárhreppi hafa afrennsli um stórár og eru allflestar þeirra jöklusár eða jökulskotnar ár eins og Skaftá og Kúðafljót. Efstu upptakakvíslar Skaftár koma úr suðvestanverðum Vatnajökli. Aurburður er mikill í Skaftá ekki síst í hlaupum sem koma að jafnaði á eins og hálfss árs fresti. Í farvegi Skaftár eru víða hraun. Mikið vatn hripar ofan í hraunin sem kemur upp í lindum á láglendi. Þetta vatn er mikilvægt fyrir vatnsbúskap lindarvatna s.s. Grenlækjar, Tungulækjar og Eldvatns.

Urriði er ríkjandi tegund laxfiska á fiskgenga hluta vatnasvæðis Skaftár og Kúðafljóts en þar er einnig að finna lax og bleikju. Urriðinn gengur til sjávar (sjóbirtingur) og verður stórvaxinn. Þverár jökulánna eru víðast stutt fiskgengar en á neðri svæðum jökulánna eru viðáttumikil straumlítil sandsvæði oft tengd mýrlendi, sýkjam, smálækjum og smávötnum. Ósar eru óstöðugir og strendur sendnar. Svo virðist sem sjóbirtingur, fremur en lax eða bleikja, geti nýtt sér þær sérstæðu náttúrufarslegu aðstæður sem eru á svæðinu. Hrygning og uppeldi laxfiska er í þveránum en einnig í jökulvötnunum Ása-Eldvatni, Skaftá og Kúðafljóti. Á vatnasvæði Skaftár eru mikilvægt hrygningar- og uppeldissvæði urriða, í þverám og þverlækjum Skaftár (Síðuvötnunum) sem allar eru bergvatnsár, s.s. Fjaðrá, Geirlandsá, Hörgsá og Fossálum.

A undanförnum árum hefur verið lögð aukin áhersla á rannsóknir á botndýralífi straumvatna hérlandis. Einkum hefur verið litið til fánu jökulvatna og straumvatna á fyrirhuguðum virkjanasvæðum vatnsafls. Botndýr, sérstaklega bitmý og rykmý, eru uppistaða í fæðu laxfiska í ísenskum straumvötnum. Rannsóknir á botndýrum í straumvatni veita innsýn í fjölbreytileika fánunnar sem og fæðuskilyrði fyrir laxfiskaseiði. Engar botndýrarannsóknir hafa áður farið fram á vatnasvæðum Kúðafljóts og Skaftár.

Hugmyndir eru uppi um virkjanir og veitur á vatnasvæði Skaftár og Kúðafljóts. Þar er m. a. gert ráð fyrir virkjun Hólmsár með frárennsli í Tungufljót (Orkustofnun 2001) virkjun Skaftár og veitu Skaftár í Langasjó (Skaftárveitu) og vatns þaðan yfir í Tungaá.

Markmið rannsóknarinnar, sem hér er greint frá, var að fá mynd af botndýrafánu svæðisins, hvaða dýrahópa er þar að finna og meta magn þeirra á árbotninum. Jafnframt að kanna tilvist fisks og seiðaástand í Skaftá, Ása-Eldvatni og Kúðafljóti. Könnuð voru svæði innan hugsanlegra áhrifasvæða virkjanafraumkvæmda sem fyrirhugaðar eru á vatnasvæðum Kúðafljóts og Skaftár.

Í vatnakerfi Kúðafljóts og Skaftár fundust lífverur innan 31 lífveruhóps (ættar, ættkvíslar, tegundar). Rykmý (Chironomidae) var algengasti hópur botndýra á öllum sýnatökustöðvunum í vatnakerfi Kúðafljóts og Skaftár. Práðormar (Nematoda) og

ánar (Oligochaeta) fundust viða um vatnakerfið. Einnig fundust vatnamaurar (Hydracarina), bitmý (Simuliidae) og krabbadýr (Crustacea) á flestum sýnatökustöðvanna. Önnur botndýr, t.d. lirfur lísmýs (Ceratopogonidae), lækjarflugu (*Limnophora riparia*), hrossaflugna (Tipulidae) og vorflugna (Trichoptera), bessadýr (Tardigrada), stökkmor (Collembola) og vatnabobbar (*Radix peregra*) fundust á nokkrum stöðvanna. Samanburður á þéttleika botndýra í Ása-Eldvatni, Kúðafljóti og Skaftá við aðrar jökulár bendir til þess að þéttleika botndýra svipi til þéttleika í jökulám á norður og austurlandi og í Þjórsá.

Bleikju og urriðaseiði fundust í Kúðafljóti og bleikjuseiði í Skaftá við Skaftárdal. Þéttleiki laxfiskaseiða var lítt í Skaftá og Kúðafljóti, enda þéttleiki botndýra þar fremur lágor. Þar hafa þó fundist allar tegundir íslenskra laxfiska. Vegna þess hversu botnflötur er stór með þokkalegum búsvæðum er seiðaframleiðsla allnokkur.

Inngangur

Vatnakerfi í Skaftárhreppi hafa afrennsli um stórár og eru allflestar þeirra jökulár eða jökulskotnar ár eins og Skaftá og Kúðafljót. Dragár er viða að finna á þessum slóðum (Sigurjón Rist 1990) og eru flestar þeirra þar sem vatn fellur af Síðufjöllum til Skaftár, en vegna lekra jarðлага og ungra hrauna eru þar einnig mikil lindarsvæði, þau helstu eru tengd Eldhrauninu. Efstu upptakakvíslar Skaftár koma úr suðvestanverðum Vatnajökli. Kúðafljót er ein af vatnsmestu ám landsins. Það verður til þar sem saman koma Ása-Eldvatn, Tungufljót og Hólmsá. Jökulvatn Kúðafljóts kemur frá Mýrdalsjökli og Vatnajökli.

Aurburður er mikill í Skaftá ekki síst í hlaupum sem koma að jafnaði á eins og hálfss árs fresti (Snorri Zóphóníasson og Svanur Pálsson 1996). Í farvegi Skaftár eru viða hraun. Mikið vatn hripar ofan í hraunin sem kemur upp í lindum á láglendi. Þetta vatn er mikilvægt fyrir vatnsbúskap lindarvatna s.s. Grenlækjar, Tungulækjar og Eldvatns (Freysteinn Sigurðsson 1997).

Urriði er ríkjandi tegund laxfiska á fiskgenga hluta vatnasvæðis Skaftár og Kúðafljóts en þar er einnig að finna lax og bleikju. Urriðinn gengur til sjávar (sjóbirtingur) og verður stórvaxinn. Umtalsverðar og vaxandi tekjur eru af veiði á svæðinu. Á vatnasvæði Skaftár eru, auk Skaftár sjálfrar, helstu veiðíárnar Geirlandsá, Hörgsá, Fossálar og Tungulækur. Lindarvötnin Grenlækur og Eldvatn eru mjög frjósöm og þar eru gjöfulustu veiðisvæði sjóbirtings á landinu. Talsverð veiði er einnig stunduð í Tungufljóti og Kúðafljóti (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2001a og 2001b). Þverár jökulánna eru viðast fiskgengar á stuttum köflum en á neðri svæðum jökulánna eru viðáttumikil straumlítil sandsvæði oft tengd myrlendi, sýkjum, smálækjum og smávötnum. Ósar eru óstöðugir og strendur sendnar. Úti fyrir er hlýr fæðuríkur sjór (Sigfús Jónsson 1982, Eyjólfur Friðgeirsson 1983). Svo virðist sem sjóbirtingur, fremur en lax eða bleikja, geti nýtt sér þær sérstæðu náttúrufarslegu aðstæður sem eru á svæðinu. Lax er helst að finna neðst í frjósamari þverám Skaftár. Bleikja er hins vegar í mestum mæli í jökulvatninu og í kaldari hluta lindánna (Magnús Jóhannsson 1993b).

Hrygning og uppeldi laxfiska er í þveránum en einnig í jökulvötnunum Ása-Eldvatni, Skaftá og Kúðafljóti (Magnús Jóhannsson 1993b, Magnús Jóhannsson 2000, Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2001a, og 2001b). Á vatnasvæði Skaftár eru mikilvæg hrygningarár- og uppeldissvæði urriðaseiða, í þverám og þverlækjum Skaftár (Síðuvötnunum) sem allar eru bergvatnsár, s.s. Fjaðrá, Geirlandsá, Hörgsá og Fossálum. Hrygning og uppeldi smáseiða laxfiska virðist vera í litlum mæli í Skaftá sjálfri en stálpudur urriðaseiði virðast geta nýtt sér neðri hluta Skaftár til uppeldis. Í rannsóknum sumarið 2000 fannst lítið af fiski á ófiskgengum svæðum í þverám

Skaftár ofan við Skaftárdal, en bleikja og einhver urriði virðist vera á því svæði. Lítilsháttar uppeldi bleikju fannst í Syðri- og Nyrðri-Ófæru (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2001a). Fiskrannsóknir hafa ekki áður verið gerðar á efri hluta Skaftár (ofan Skaftárdals) og litlar neðar.

Á vatnasvæði Grenlækjar er vatn sérlega frjósamt, með rafleiðni sem er svipuð og gerist í bestu laxveiðiám hérlendis (Sigurður Guðjónsson 1990). Á vatnasvæðinu er mikil hrygning og uppeldi sjóbirthings og oft hár þéttleiki seiða, einkum þar sem lækir renna á hraunbotni. Þar er einnig allnokkuð uppeldi á bleikju einkum í kaldari hluta lækjanna (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2001a).

Á vatnasvæði Kúðafljóts er auk Kúðafljóts sjálfs allmikið uppeldi sjóbirthings í Tungufljóti að Bjarnafossi. Rannsóknir benda til þess að Þorvaldsá og Tungufljót ofan þess séu fisklaus (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2001b). Staðbundinn urriði er hinsvegar neðar á ófiskgenga hluta Tungufljóts. Í Hólmsá hefur bleikja fundist að Hólmsárfossi en ofar hefur fiskur ekki fundist (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2001b).

Á undanförnum árum hefur verið lögð aukin áhersla á rannsóknir á botndýralífi straumvatna (Hákon Aðalsteinsson og Gísli Már Gíslason 1998, Gísli Már Gíslason ofl. 2000). Einkum hefur verið litið til fánu jökulvatna (Gísli Már Gíslason ofl. 2000, Jón S. Ólafsson 2000), straumvatna á fyrirhuguðum virkjanasvæðum vatnsafls (Árni J. Óðinsson og Vigfús Jóhannsson 1989, Hilmar J. Malmquist ofl. 2001, Magnús Jóhannsson ofl. 2002) sem og í bergvatnsám á blágrýtissvæðum (Þórólfur Antonsson og Jón S. Ólafsson 2000, Jón S. Ólafsson ofl. 2001). Rykmýslirfur eru algengasti hópur botndýra í dragám hérlendis en í lindám með stöðuvatnsáhrifum er bitmý áberandi nærrí útföllum vatnanna (Gísli Már Gíslason og Vigfús Jóhannsson 1985, Jón S. Ólafsson ofl. 1998, Gísli Már Gíslason ofl. 2000, Hilmar J. Malmquist ofl. 2001, Magnús Jóhannsson ofl. 2002). Auk rykmýs og bitmýs, finnast skordýr innan ætta bredda (Empididae), húsflugna (Muscidae), bjallna (Coleoptera), vorflugna (Trichoptera) og steinflugna (Plecoptera) í straumvatni (Erlendur Jónsson og Gísli Már Gíslason 1989, Gísli Már Gíslason 1977 og 1978, Helgi Hallgrímsson 1990). Önnur algeng smádýr í straumvatni eru krabbadýr (Crustacea), vatnamaurar (Hydracarina), ánar (Oligochaeta), þráðormar (Nematoda) og vatnabobbar (Radix) (Helgi Hallgrímsson 1990).

Engar botndýrarannsóknir hafa áður farið fram á vatnasvæðum Kúðafljóts og Skaftár. Botndýr, sérstaklega bitmý og rykmý, eru uppistaða í fæðu laxfiska í ísenskum straumvötnum (Magnús Jóhannsson 1984, Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1998, Stefán Ó. Steinþímsson og Gísli Már Gíslason 2002). Rannsóknir á botndýrum í straumvatni veita innsýn í fjölbreytileika fánunnar sem og fæðuskilyrði fyrir laxfiskaseiði.

Hugmyndir eru uppi um virkjanir og veitur á vatnasvæði Skaftár og Kúðafljóts. Þar er m. a. gert ráð fyrir virkjun Hólmsár með frárennsli í Tungufljót (Orkustofnun 2001) virkjun Skaftár og veitu Skaftár í Langasjó (Skaftárveitu) og vatns þaðan yfir í Tungnaá (Halldór Pétursson ofl. 1994). Væntanlega mun aurburður í Skaftá minnka til muna við Skaftárveitu. Verði af framkvæmdum valda þær trúlega breytingum á vatnafari og lífríki svæðisins sem hugsanlega hefur áhrif á lífsskilyrði smádýra og fisks og veiðimöguleika á vatnasvæði Skaftár og Kúðafljóts og í lindarvötnum sem fá vatn úr Skaftá.

Markmið rannsóknarinnar, sem hér er greint, frá var að fá mynd af botndýrafánu svæðisins, hvaða dýrahópa er þar að finna og gefa grófa mynd af magni þeirra á árbotninum. Kanna frekar tilvist fisks og seiðaástand í Skaftá, Ása-Eldvatni og Kúðafljóti. Könnuð voru svæði innan hugsanlegra áhrifasvæða virkjanaframkvæmda sem fyrirhugaðar eru á vatnasvæðum Kúðafljóts og Skaftár.


Rannsóknaraðferðir

Botndýrarannsóknir

Sýnataka. Botndýrum var safnað á 17 stöðum í vatnakerfi Kúðafljóts og Skaftár og á einni stöð í Grenlæk. Sýnataka fór fram dagana 24.-27. júní 2002 og var endurtekin í Grenlæk 10. september 2002. Í vatnakerfi Kúðafljóts var sýnum safnað á fjórum stöðvum í Hólmsá (stöðvar H14, H16, H18 og H20) og á einni stöð í Álftakvísl (stöð H15), einni af þverám Hólmsár (mynd 1). Botndýralíf var kannað í Tungufljóti neðan Ljótarstaða og Bjarnafoss (stöðvar T2 og T7), sem og í Þorvaldsá (stöð T21) er rennur í Tungufljót ofanvert (mynd 1). Jafnframt var botndýralíf kannað samhliða seiðarannsóknum í Ása-Eldvatni (stöð 25) og í Kúðafljóti (stöð 23). Í vatnakerfi Skaftár var botndýralíf athugað á einni stöð í fjórum þverám Skaftár á ofanverðu vatnakerfi árinna, í Grjótá (stöð S1), Ströngukvísl (stöð S3), sem og Nyrðri- og Syðri-Ófæru (stöðvar S5 og S7) (mynd 1). Í Skaftá var botndýralíf athugað á þremur stöðvum samhliða seiðarannsóknum, ofan óss Nyrðri Ófæru (stöð S9), við Skaftárdal (stöð S8) og neðan brúar við Skál (stöð S43). Í Grenlæk var botndýralíf kannað á einni stöð ofan við Stórafoss (stöð G2) og var sýnatakan endurtekin í september því að sýnatökudagur í júní virtist hafa lent á milli kynslóða hjá bitmýi (sjá niðurstöður).

Á hverri stöð voru tekin 4 steinasýni á sniði hornrétt út frá bakka ánna og á allt að 50 cm dýpi. Háf (25cm x 25cm) með 250 µm möskvastærð var komið fyrir hlémegin við hvern stein og steininum síðan lyft upp af botninum þannig að lífverur sem losnuðu af steininum lento í háfnum. Steininum var komið fyrir í 10 lítra fötu og

lífverur og gróður burstaður af. Sýnið var síað um háfinn ($250 \mu\text{m}$) og varðveitt í ísóprópanóli (70%).



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir vatnasvæði Skaftár, Kúðafljóts og Grenlækjar. Á myndina eru merktar inn sýnatökustöðvar sumarið 2002. Bleikur hringur táknaður botnsýnastöð og grænn táknaður botnsýna- og rafveiðistöð. Helstu fossar eru auðkenndir með þverstrikum á árfarvegi. Rauð strik standa fyrir neðstu ófiskgenga fossa frá sjó. Gul strik standa fyrir tor-fiskgenga fossa og blá fyrir fossa á ófiskgengum svæðum. Eldhraunið er auðkennt með gráum lit.

Grófleiki steina var metinn á skalanum 1-5. Steinn með slétt yfirborð fékk gildið 1, 2 fremur slétt yfirborð, 3 fremur gróft, 4 gróft yfirborð og steinum sem höfðu mjög hrjúft yfirborð var gefið gildið 5. Ofanvarp allra steina var dregið upp á blað og mesta lengd, breidd og hæð þeirra mæld og skráð.

Á hverri sýnatökustöð var vatnshiti mældur, leiðni, sýrustig (pH) og rýni (Secchi dípi). Einnig var vatnsdýpið þar sem steinarnir voru teknir metið og skráð.

Úrvinnsla. Unnið var úr þemur steinasýnum af hverri stöð, en ekki reyndist fjármagn til að vinna úr öllum 4 steinasýnum. Notast var við tilviljanatöflu til að velja úr það steinasýni sem ekki var unnið úr. Botndýrin voru greind og talin úr heildarsýni þar sem kostur var en hlutsýnatöku var beitt ef fjöldi einstaklinga sýndist meiri en 500 í sýninu. Undantekningarlaust voru stór botndýr, s.s. bobbar, vorflugur og lækjarflugur talin og greind úr heildarsýninu en smærri lífverur og algengari voru greindar úr hlutsýnum (1/2 til 1/16) þegar við átti. Fyrir hlutsýnatöku var allur stærri gróður, svo sem mosi og þráðlaga grænþörungar, fjarlægður. Sýninu var skipt til helminga við hverja hlutsýnatöku í ferköntuðum hlutsýnakassa. Fjöldi skiptinga var metinn hverju sinni með hliðsjón af þéttileika dýra að lokinni skiptingu sýnisins. Lífverur voru taldar úr hlutsýnum þar til lágmarks fjöldi einstaklinga hafði verið greindur og talinn, minnst 100 einstaklingar af algengasta hóp lífvera í hverju sýni.

Botndýrin voru greind til ætta, ættkvísla og tegunda eins og kostur var. Gróðri var haldið sér og allar lífverur taldar og greindar úr honum áður en talið var úr heildarsýni (eða hlutsýni). Flatarmál steinanna var reiknað út með myndgreiningu í SigmaScan Pro5. Ofanvarpi steina sem og teikningum af 1, 2 og 4 cm² reitum var komið á tölvutaðt form með því að mynda þau með stafrænni myndavél. Flatarmál steinanna fékkst með samanburði á fjölda punkta (pixels) í myndum af steinunum við fjölda punkta í reitum af þekktu flatarmáli. Við útreikninga á heildarfjölda lífvera voru viðeigandi margföldunarstuðlar notaðir fyrir hvert hlutsýni. Allar fjöldatölur voru umreiknaðar í fjölda lífvera á fermetra af grýttu undirlagi (fjöldi dýra í sýni x (1m²/flatarmál steins m²)) og meðalþéttileiki og staðalfrávik botndýra á steinunum þemur reiknuð fyrir hverja sýnatökustöð.

Tölfræði. Breytileiki í meðalþéttileika botndýra í vatnakerfi Skaftár og Kúðafljóts var prófaður með ANOVA og eðli breytileikans var kannað með ólínulegu prófi (Dunnett's T3) því gögnin voru ekki normaldreifð (Dytham 1999). Fjölbreytileiki botndýra á hverri stöð var reiknaður samkvæmt formúlu Simpson fjölbreytileika stuðulsins (Simpson diversity index) (Begon ofl. 1990). Fjölbreytileikastuðullinn, Simpson D, lýsir dreifingu einstaklinga á milli lífveruhópa á

hverri sýnatökustöð. Lægst getur Simpson D verið 1 (allir einstaklingar í sýninu sömu tegundar, ættar) en hækkar með auknum fjölbreytileika.

Seiðarannsóknir

Péttleiki, lengdar-, aldurs-, tegundasamsetning og útbreiðsla seiða var könnuð með rafveiðum dagana 24. til 27. júní 2002. Seiðaþéttleiki var metinn sem vísitala veiddra seiða á 100 m² í einni rafveiðiyfirferð. Seiðin voru lengdarmæld með 1 mm nákvæmni og vegin með 0,1 g nákvæmni. Teknar voru kvarnir af hluta þeirra til síðari aldursákvörðunar. Einnig var kyn og fæða greind og kynþroski þeirra metinn. Metin var hlutdeild (%) hverrar fæðugerðar. Metin var magafylli og gefin gildi frá 0 til 5 þar sem 0 er tómur magi en 5 er troðfullur magi en gildin 1-4 fjórðungsstig þar á milli.

Veitt var á þremur stöðum í Skaftá, ofan óss Nyrðri-Ófæru (stöð S9), neðan brúar að Skaftárdal (stöð S8) og neðan brúar að býlinu Skál (stöð S43) (mynd 1). Í Ása-Eldvatni var veitt á einum stað, ofan aflagðrar brúar við Múla (stöð S25). Rafveitt var í Kúðafljóti, við varnargarð ofan brúar á þjóðvegi (stöð K23).

Vatnshiti, rafleiðni (mælikvarði á heildarstyrk uppleystra efna), sýrustig (pH) og rýni (Secchi dýpi) árvatnsins var mælt á sýnatökustöðvum. Rafleiðni endurspeglar getu vatnsfalla til frumframleiðni, almennt má segja að því hærri sem rafleiðnin er því meiri er styrkur uppleystra jóna og því betri lífsskilyrði fyrir vatnadýr (Sigurður Guðjónsson 1990).

Staðhættir

Berggrunnur rannsóknarsvæðisins tilheyrir að mestu eldri og yngri grágrýtismyndun landsins. Hraun runnin eftir að jöklar leysti í lok síðustu ísaldar hylja stór svæði. Sandar eru áberandi í ásýnd landsins en þeir eru bæði tilkomnir vegna framburðar jökulvatna og ösku úr eldsumbrotum. Vatnafræðilega séð er mikil úrkoma veigamesta einkenni svæðisins (Sigurjón Rist 1990). Vatnakerfi hafa afrennsli um jökkullitaðar stórár, Kúðafljót og Skaftá (mynd 1). Hluti vatnsfalla eru dragár með miklar rennslissveiflur, s. s. Geirlandsá og Tungufljót, en vegna lekra jarðлага eru víða mikil lindarsvæði.

Skaftá er jöklusá með lindaráhrifum. Hún á upptök sín í Skaftár- og Tungnaárjökli í suðvestanverðum Vatnajökli. Efst á vatnasviðinu er Langisjór, en hann er um 26 km² að stærð og er í 662 m.h.y.s. Til Skaftár fellur vatn úr Langasjó í allháum ófiskgengum fossi. Meðalrennslí Skaftár við Sveinstind er áætlað um 41 m³/s. Lágrennslí að vetri er um 10 m³/s og af því koma um 2 m³/s úr Langasjó

(Halldór Pétursson ofl. 1994). Neðan Skaftárdals kvíslast áin og rennur megin vatn hennar til vestur um Ása-Eldvatn. Meðalrennsli Skaftár við Skaftárdal er um $115 \text{ m}^3/\text{s}$ (tafla 1). Að sumarlagi er meðalrennslið um $160 \text{ m}^3/\text{s}$ en að vetrarlagi 50 til $70 \text{ m}^3/\text{s}$ (Páll Imsland 1998). Meðalrennsli við Kirkjubæjarklaustur er $37 \text{ m}^3/\text{s}$. Skaftá er jökullituð að sumarlagi en að vetri er hún að jafnaði tær. Í Skaftá koma hlaup að jafnaði á hálfss annars árs fresti (Páll Imsland 1998). Þeim fylgir mikið vatn auk gríðarlegs aurframburðar. Í hlaupum verður rennsli Skaftár allt að $1500 \text{ m}^3/\text{s}$. Flæmist hún þá um á láglendi og fer viða út á Eldhraunið. Það vatn kemur síðan fram í lindum í Landbroti og Meðallandi. Hlaupin koma oftast í júlí eða ágúst en hafa þó komið á öðrum árstínum en ekki í apríl – júní svo vitað sé (Snorri Zóphóníasson og Svanur Pálsson 1996). Hlaupin eiga upptök sín í Skaftárkötum í Vatnajökli. Hlaup verða þegar katlarnir fyllast af bræðsluvatni og vatn ryður sér braut undir ísinn. Hlaupvatnið hefur háa rafleiðni, allt að $200 \mu\text{S}/\text{cm}$, en að jafnaði er leiðnin í Skaftá $50-90 \mu\text{S}/\text{cm}$ (Freysteinn Sigurðsson 1997). Fyrsta Skaftárhlaup sem verulega athygli vakti kom árið 1955. Fram yfir 1960 rann hluti Skaftár í Langasjó og urðu menn þá líklega minna varir við hlaupin vegna þess að rennslið jafnaðist og meginhluti aursins settist þar til. Þá náði Skaftárjökull suður að Fögrufjöllum sem hefur síðan hopað. Meginvatnið í hlaupum fellur til Ása-Eldvatns en innan við 10 % til austurs um farveg Skaftár.

Tafla 1. Umhverfisþættir helstu vatnsvæði Kúðafljóts og Skaftár sem athuguð voru sumarið 2002. Eldri gögn byggja á: Sigurjón Rist 1990, Finnur Garðarsson og Þórólfur Antonsson 1984, Finnur Garðarsson 1985, Guðni Guðbergsson 1985, Laufey Hannesdóttir 1974, Freysteinn Sigurðsson og Ragna Karlssdóttir 1988, Freysteinn Sigurðsson 1991 og 1997, Magnús Jóhannsson 1993a, Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2001a og 2001b og óbirtum gögnum Veiðimálastofnunar. (Niðurstöður mælinga frá 2002 koma fram í viðauka I).

Vatnsfall	Árgerð	Lengd km	Vatnasvið km^2	Rennsli $\text{m}^3/\text{sek.}$	Rafleiðni $\mu\text{S}/\text{cm}$
Skaftá ¹⁾	J+L	115	1385	120	50-200
Strangakvísl/ Nyrðri-Ófæra	D+L	18	113		56-67
Syðri-Ófæra	D	30	93		51-60
Grjótá	L+J	21	0		87-103
Grenlækur	L	30		1,5	53-137
Kúðafljót	J+L+D	25	3000	220	71-116
Tungufljót	D	33	182	$15-20^{(3)}$	53-89
Þorvaldsá	D	15			63-74
Ása-Eldvatn	J+L	18	um 1430	60 ²⁾	50-190
Hólmsá	J+D+L	49	500	33	48-81
Álfatakvísl	L+D	10	1,5	$2-3^{(3)}$	48-52

1) við Skaftárdal. 2) meðalrennsli árið 1994, 3) Áætlað.

Neðan Langasjávar fellur Skaftá með Fögrufjöllum og flæmist þar um hallalítið land á sandbotni. Á móts við Stakafell tekur hún að renna á Eldhrauninu og verður farvegurinn þar mun hallameiri. Skaftá rennur meira og minna á Eldhrauninu allt að Kirkjubækjarklaustri (mynd 1). Neðan Uxatinda kvíslast hún allvíða um hraunið. Fossar eru margir en flestir lágir. Alls staðar er grófur hraunbotn eða klöpp. Mikill sandur er í botni. Um 4 km neðan við Skaftárdal tekur Skaftá að renna í tveimur megin kvíslum. Önnur kvíslin, svonefnt Ása-Eldvatn, rennur vestur með Skaftártungu yfir í Kúðafljót. Hin kvíslin, sjálf Skaftá, sveigir til austurs og rennur um Síðu milli Eldhrauns og fjallshlíðar niður í Landbrot og til sjávar um Veiðiós. Neðan Skaftárdals fara kvíslar úr farvegi Skaftár út á Eldhraunið og ýmist falla til árinnar aftur eða renna á hrauninu. Ein helsta kvíslin, sem nefnd hefur verið Árkvíslar eða Brestur, rennur á sandi fylltu hrauninu en hverfur í hraunið allnokkru neðan hringvegar. Vatn úr Skaftá sem rennur á hraunið kemur fram í lindum í Landbroti og Meðallandi (Freysteinn Sigurðsson 1997). Skammt neðan við Kirkjubækjarklaustur tekur Skaftá að breiða úr sér og flæmist þar víða um sandeyrar. Skaftá er fiskgeng frá sjó og a.m.k að fossi við Brest (mynd 1). Á fiskgenga hlutanum falla til Skaftár ýmsar ár sem flestar eru að stofni til dragár (mynd 1). Þeirra helstar eru Holtsá, Fjaðrá, og Breiðbalakvísl en hún er mynduð úr Geirlandsá, Stjórn og Hörgsá. Í farvegi Skaftár skiptast á eyrar og þrengingar. Á áreyrunum sest framburðarefnar árinnar til sem sandur og fínna efni. Framburðarefnar eru sífellt á hreyfingu og getur áin tekið þau með sér í næstu vatnavöxtum eða hlaupum. Mikill aurburður veldur því að ósasvæði á Anna í Skaftárhreppi eru sendin og árfarvegir þar óstöðugir.

Ása-Eldvatn fær jökulvatn úr Vatnajökli um Skaftá en Ása-Eldvatn er í raun kvísl úr Skaftá sem varð til í Skaftárelendum fyrir rúmum 200 árum (mynd 1). Meginvatn Skaftár fer um þessa kvísl og er sá hluti sem um hana fellur að aukast (Sigurjón Rist 1990). Ása-Eldvatn er um 18 km langt og mælt meðalrennsli þess árið 1994 var $60 \text{ m}^3/\text{s}$ (Snorri Zóphóníasson 1997). Leiðni árvatnsins er breytileg eða frá 50 til $190\mu\text{S}/\text{cm}$ (Freysteinn Sigurðsson 1997, Snorri P. Snorrason og Freysteinn Sigurðsson 2002). Ása-Eldvatn rennur á og með Eldhrauni. Í botni er víðast sandblendið hraungrýti og klappir. Um 2 km ofan við bæinn Ytri-Ása er 4-5 m há foss sem líklega er ófiskgengur. Ása-Eldvatn endar í Flögulóni, þar er nú sandbreiða sem áður var lón. Þar koma saman Tungufljót, Hólmsá og Ása-Eldvatn.

Grjótá á upptök sín í um 500 metra hæð í lindum í Úlfarsdal og heitir hún þar Varmá. Alls er Grjótá um 21 km löng og fellur austan að til Skaftár við Innri-Grjótárhöfða. Efst rennur áin á og með jaðri Eldhraunsins. Þegar hátt er í Skaftá fellur jökulvatn til Grjótár nálægt upptakalindum og er sá áll stöðugt að færast í

aukana (Snorri P. Snorrason og Freysteinn Sigurðsson 2002). Botninn efst er að mestu hraunbotn og grófgrýttur malarbotn, mikið sandblendinn. Rafleiðni mældist 86,5 $\mu\text{S}/\text{cm}$ í júlí 2000 (þá mikið jökulblendinn) en 103 $\mu\text{S}/\text{cm}$ í júní 2002 (tafla 1). Neðar fellur Grjótá frá Eldhrauninu um gljúfur til Skaftár. Fiskur á greiða leið til Grjótár ofan úr Skaftá.

Strangakvísl/Nyrðri-Ófæra eru dragár með lindaráhrifum. Strangakvísl á upptök sín í um 600 m hæð í Tindafjöllum. Efst á þessum kafla er lágor foss. Strangakvísl rennur á allgrófum malarbotni að ósi við Nyrðri-Ófæru, en hraunbotn er á kafla neðst. Rafleiðni í Ströngukvíslar hefur mælst 56-63 $\mu\text{S}/\text{cm}$ og 58-67 $\mu\text{S}/\text{cm}$ í Nyrðri-Ófæru (tafla 1). Nyrðri-Ófæra á upptök í Grænafjallgarði og Skuggafjöllum. Vatn fellur til Nyrðri-Ófæru úr Blautulónum, sem eru smávötn suðvestur af fjallinu Gretti. Í vötnunum er bleikja sem er tilkominn vegna sleppinga þar árið 1970. Vötnin voru áður fisklaus (Magnús Jóhannsson 1992a). Nyrðri-Ófæra fellur til Eldgjár í háum ófiskgengum fossi, Ófærufossi. Samtals eru um 9,0 km fiskgengir úr Skaftá. Botn Nyrðri-Ófæru einkennist efst af sandblendinni möl en neðan Eldgjár rennur hún á hraunbotni í bland við möl og sand.

Syðri-Ófæra á frumupptök sín í Muggudölum austan undir Torfajökli. Áin er dragá (Sigurjón Rist 1990) og er lengd hennar um 30 km. Við Lambaskarðshóla tekur áin að renna með og á Eldhrauni og farvegi Skaftár þar til hún sameinast henni um 5,5 km neðar. Ófiskgengur foss er við Lambaskarðshóla en þangað er líklega fiskgengt úr Skaftá. Leiðni árvatnsins hefur mælst 51 - 60 $\mu\text{S}/\text{cm}$ (tafla 1). Í botni er hraun, sandur og möl en sum staðar er hraunklöpp.

Kúðafljót verður til þar sem koma saman Ása-Eldvatn, Tungufljót og Hólmsá, þar er Flögulón. Kúðafljót er þriðja vatnsmesta á landsins með meðalrennsli um 220 m^3/s . Lengd þess er 25 km. Kúðafljót er jöklusá en með tölverðum lindar- og dragáreinkennum (Sigurjón Rist 1990). Á efstu 6,7 km árinnar einkennist botngerð í Kúðafljóti af sandblendinni möl og smágrýti. Fljótið rennur þar í kvíslum meðal áreyra. Neðar kvíslast áin um víðáttumiklar malareyrar og botn verður sandblendnari eftir því sem neðar dregur. Á neðstu 10 km er að mestu sandbotn. Fljótið fellur efst meðfram hrauni. Í Meðallandi þar sem hrauni sleppir er mikill landvarnargarður. Þar hleður áin undir sig aur og er árfarvegurinn sums staðar orðinn hærri en garðarnir. Rafleiðni árvatnsins var í júlí 2000 mæld 115,7 $\mu\text{S}/\text{cm}$ en 71 $\mu\text{S}/\text{cm}$ í þessari rannsókn.

Hólmsá á upptök sín í Hólmsárlóni, í 605 metra hæð, suðaustur af Torfajökli. Hún fellur til Kúðafljóts við Hrifunes og hefur þá runnið um 49 km leið. Við ós er

Hólmsá að stofni til jökulsá en tekur einnig til sín talsvert af dragvatni og lindarvatni sem einkum er upprunnið á efsta hluta vatnasvæðisins. Jökulvatn Hólmsár kemur úr Mýrdalsjökli um Jökulkvísl (mynd 1) en í litlum mæli úr Torfajökli. Ofan Jökulkvíslar er Hólmsá að mestu bergvatnsá. Samkvæmt mælingum Vatnamælinga Orkustofnar er meðalrennsli Hólmsár við Framgil, rétt neðan við Hólmsárfoss, (mynd 1) um $33 \text{ m}^3/\text{s}$. Botngerð er breytileg. Ofan Hólmsárfoss er allvíða stórgrytti og hraunbotn. Neðar er botngerð víðast fínni, einkennist meir af sandblendinni smágrýttri möl og jökulaurum. Stórgrytt er neðan Háeyjar þar sem Hólmsá rennur í lágu gljúfri milli Eldborgarhrauns og Hrífunesheiðar. Rafleiðni árvatnsins hefur maelst 48 til 81 $\mu\text{S}/\text{cm}$.

Álfakvísl er um 10 km lindarvatn sem fellur til Hólmsár með uppruna úr hraunbreiðum norð-vestan Einhyrnings í um 520 m.h.y.s. Á efstu 3 km rennur kvíslin lygn á sandblendnum smágrýttum hraunbotni. Neðar taka við gljúfur. Neðan gljúfursins kvíslast áin í tvær kvíslar, sú eystri rennur um skamman veg til Hólmsár. Ýmist eru stórgryttar eða smágrýttar eyrar neðan gljúfurs. Vestari kvíslin fellur á sléttu niður að fjallinu Einhyrningi (mynd 1). Austan við Einhyrning fellur kvíslin í lágu gljúfri á stórgryttum botni. Fellur hún í ófiskgengum fossi rétt ofan við ármót Hólmsár. Rafleiðni mældist 47,9 $\mu\text{S}/\text{cm}$ árið 2000 og 52 $\mu\text{S}/\text{cm}$ árið 2002 (tafla 1).

Tungufljót er hrein dragá sem á upptök sín á Skaftártungafrétti í Svartahnjúksfjöllum í um 800 m h.y.s., sem er um 23 km ofan við neðsta foss þess Bjarnafoss (mynd 1). Fljótið, sem er um 33 km langt og hefur um 182 km^2 vatnasvið, er hrein dragá með mjög miklar rennslissveiflur. Stór hluti vatnasviðsins er fjallendi. Rennslistölur liggja ekki fyrir en ætla má að ársmeðalrennsli liggi nærri $15-20 \text{ m}^3/\text{s}$. Tungufljót sameinast Hólmsá og Ása-Eldvatni við Hríunes og mynda Flögulón og heitir vatnsfallið neðan þess Kúðafljót. Árvatnið er fremur frjósamt í Tungufljóti og rafleiðni hefur maelst frá 53 til 89 $\mu\text{S}/\text{cm}$ (tafla 1). Tungufljót er greiðfært göngufiski að Bjarnafossi sem er lágor foss um 4 km frá ármótum (mynd 1). Ofan við fossinn eru flúðir þar sem áin rennur mjög grunn á klöppum. Vitað er að sjógenginn fiskur hefur gengið upp fossinn og flúðirnar en þau eru mikil hindrun fyrir göngufisk. Um 10 km ofan við Bjarnafoss er um 4 m hár foss, Hrossafoss. Áin rennur þar á um 1,5 km kafla að miklu leyti í gljúfri og er þar móbergsklöpp en grýtt hér og hvar. Straumur er allmikill á köflum og skiptast á flúðir og langir hyljur. Neðan gljúfurs breiðir áin úr sér. Milli Ljótarstaða og Snæbýlis rennur áin öll á fremur fínum malareyrum. Frá Snæbýli að Titjfossi eru gil með móklöpp. Neðan Titjfoss, sem er 5-6 m hár, eru gljúfur með klapparbotni allt að Bjarnafossi. Á fiskgenga hlutanum er grófgrýttur malarbotn efst í

nokkrum straumi. Þá taka við malareyrar sem verða fínni er neðar dregur og sandur er í botni þar sem áin fellur í Flögulón.

Porvaldsá er ein þveráa Tungufljóts, hún er rúmlega 15 km löng. Upptök árinnar eru í Bláfjalli, austan Álftavatnaskróks í um 550 m h.y.s. Áin er fremur vatnslítil dragá en fellur brött á köflum niður Þorvaldsdal (mynd 1). Neðar hlykkjast áin um flatlendi á Þorvaldsaurum. Botngerð einkennist af smágrýti efst en neðar tekur við möl og sandur. Alls staðar er botn lítið gróinn. Áin fellur af sléttunni í lágu gili þar sem hún mætir Tungufljóti í Fosstungum og rennur þar á klapparbotni. Rafleiðnimælingar hafa gefið mæligildi frá 62,7 til 74 $\mu\text{S}/\text{cm}$ (tafla 1).

Grenlækur er 30 km langur lindarlækur sem á upptök sín í lindum sem koma undan Eldhrauni í um 40 m hæð yfir sjó (mynd 1). Vatnið er að miklu leyti upprunnið úr Skaftá (Freysteinn Sigurðsson 1997). Grenlækur hefur runnið um nokkurra ára skeið í Veiðíós, sem er ós Skaftár, en stundum hefur hann sjálfstæðan ós. Lækurinn er frjósamur með leiðni að jafnaði um 90-100 $\mu\text{S}/\text{cm}$, mæling í þessari rannsókn sýndi 133 $\mu\text{S}/\text{cm}$. Á efri hlutanum rennur hann á eldri hraunum og er þar víða hraunbotn en sandur er á köflum, einkum efst. Lágur fiskgengur foss, Stórafoss, er um 9 km neðan upptakanna. Neðan hans að hraunbrúninni rennur lækurinn í lágum gljúfrum. Neðan við bæinn Seglbúðir tekur við sand- og leðjubotn. Þar er grunnt vattn, Fitjarflóð, tengt myrlendi og votlendi, sem lækurinn rennur í gegnum. Algengt rennsli er $1,5 \text{ m}^3/\text{s}$ við brú á þjóðvegi. Neðar sameinast Jónskvísl Grenlæk (um $1,5 \text{ m}^3/\text{s}$) sem og fleiri smærri lækir. Fiskgengt er í Jónskvísl og þverlæk hennar Sýrlæk, samtals um 8,9 km. Grenlækur er allur fiskgengur samtals um 30 km. Rennsli í upptakalindum Grenlækjar er breytilegt. Fyrir kemur að vatn þverri ofan við Stórafoss og mun það hafa gerst veturna 1987-1988 og 1979 og vor og sumar 1998 (Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson 1999).


Niðurstöður

Botndýrarannsóknir

Meðalfjöldi botndýra í vatnakerfi Kúðafljóts var $1.354\text{-}183.382 \text{ dýr/m}^2$. Péttleiki botndýra var $1.354\text{-}3.002 \text{ dýr/m}^2$, á einni stöð í Ása-Eldvatni, í Kúðafljóti og í Hólmsá við Hrífunes (tafla 2, mynd 2). Í Tungufljóti og Þorvaldsá var meðalfjöldi botndýra á fermetra, $6.778\text{-}25.420$ einstaklingar en í Hólmsá var péttleiki þeirra 17.181 neðantil í ánni en $130.078\text{-}183.382 \text{ dýr/m}^2$ í ánni ofanverðri. Í Álftakvísl sem rennur í Hólmsá ofanverða var fjöldi botndýra 32.811 dýr/m^2 .

Tafla 2. Fjöldi lífveruhópa (ætta, ættkvísla, tegunda) í vatnakerfi Kúðafljóts og Skaftár, auk Grenlækjar. Meðalfjöldi botndýra, staðalfrávik dreifingar og fjölbreytileiki botndýrasamfélaga samkvæmt Simpson fjölbreytileikastuðlinum (D).

Stöð	Staður	Þéttleiki dýr/m ²	Staðalfrávik	Fjöldi lífveruhópa	Fjölbreytileiki
H15	Álfakvísl	32.811	12.055	12	2,65
H14	Hólmsá o. Hólmsárfoss	130.078	88.074	15	1,39
H16	Hólmsá n. Hólmsárfoss	183.382	127.832	16	2,96
H18	Hólmsá o. Hrossafoss	17.181	1.838	8	2,45
H20	Hólmsá við Hrifunes	1.852	1.053	6	2,37
T21	Þorvaldsá	25.420	4.653	14	2,24
T2	Tungufljót v. Ljótarst.	6.778	1.031	10	2,46
T7	Tungufljót n. Bjarnafoss	25.001	5.500	13	1,85
S25	Ása-Eldvatn	1.354	811	7	3,03
K23	Kúðafljót ofan brúar	3.002	2.247	8	1,59
S1	Grjótá	61.207	37.634	11	2,23
S3	Strangakvísl	18.173	3.324	8	1,77
S5	Nyrðri-Ófæra	91.507	22.798	16	3,18
S7	Syðri-Ófæra	28.338	6.676	15	2,59
S9	Skaftá o. óss Nyrðri-Ófæru	1.206	1.318	7	4,63
S8	Skaftá við Skaftárdal	2.856	202	10	3,70
S43	Skaftá við Skál	12.367	12.371	15	1,94
G2-1	Grenlækur júní 2002	309.281	365.178	17	2,77
G2-2	Grenlækur september 2002	518.079	372.213	22	2,86



Mynd 2. Meðalfjöldi botndýra og staðalfrávik meðaltala í vatnakerfi Kúðafljóts og Skaftár og Grenlækjar. Stöðvum raðað frá veststu til auststu þveráa Kúðafljóts frá efstu stöð og niður í Kúðafljót (H15 til K-23). Innan Skaftár er stöðvum raðað frá efstu þverám og niður í Skaftá (S1-S43). Stöð einkennd með G2-1 og G2-2 er í Grenlæk og voru sýnin tekin í júní (G2-1) og september (G2-2).

Í vatnakerfi Skaftár var meðalþéttleiki botndýra $1.206\text{-}91.507$ dýr/m² (tafla 2). Í Skaftá sjálfbri voru $1.206\text{-}12.367$ dýr á fermetra en í þveránum, Nyrðri-Ófæru, Ströngukvísl, Syðri-Ófæru og Grjótá var þéttleiki botndýra $18.173\text{-}91.507$ dýr/m². Í Grenlæk var meðalþéttleiki botndýra 309.281 dýr/m² í júní en 518.079 dýr/m² í september (tafla 2).


Þéttleiki botndýra var breytilegur á milli steina innan stöðva og voru staðalfrávik meðalþéttleika botndýra oft víð (mynd 2). Þéttleiki botndýra í Hólmsá ofan Hrossafoss (17.181 dýr/m²) var marktækt hærri en þéttleiki botndýra í Hólmsá við Hrifunes, í Tungufljóti við Ljótarstaði, í Skaftá ofan óss Nyrðri-Ófæru og við Skaftárdal, í Ása-Eldvatni og í Kúðafljóti ofan brúar ($1.206\text{-}6.778$ dýr/m²) (Dunnett T3, p<0,05).

Í vatnakerfi Kúðafljóts og Skaftár fundust lífverur innan 31 lífveruhóps (ættar, ættkvíslar, tegundar). Í Grenlæk fundust einstaklingar innan 17 lífveruhópa í júní en 22 hópa í september, 16 lífveruhópar fundust í Hólmsá neðan Hólmsárfoss og í Nyrðri-Ófæru (tafla 2). Fæstir lífveruhópar fundust í Hólmsá við Hrifunes (6 talsins), í Skaftá ofan Nyrðri-Ófæru og í Ása-Eldvatni (7 talsins) (tafla 2). Línuleg tengsl voru milli meðalþéttleika botndýra og fjölda lífveruhópa sem greindust á hverri stöð (Spearman's rho, N=19, p<0,05).

Fjölbreytileiki botndýrasamfélaga í Kúðafljóti, Skaftá og þverám þeirra (þeim sem voru kannaðar) var líttill sé mið tekið af fjölbreytileikastuðli Simpson sem var lægstur $1,39$ í Hólmsá ofan Hólmsárfoss og Kúðafljóti ofan brúar. Mestur var fjölbreytileikinn í Skaftá ofan áróss Nyrðri-Ófæru, þar sem D var $4,63$ (tafla 2).

Rykmý (lirfur og púpur) var algengasti hópur botndýra á öllum sýnatökustöðvunum í vatnakerfi Kúðafljóts og Skaftár (tafla 3, mynd 3). Hlutdeild rykmýs var lægst 43 og 49 prósent allra einstaklinga í Skaftá ofan óss Nyrðri-Ófæru og í Hólmsá neðan Hólmsárfoss, en hæst um 97 prósent allra einstaklinga í Ströngukvísl, Grjótá og Hólmsá ofan Hrossafoss. Þéttleiki rykmýs var frá 518 dýr/m² í Skaftá ofan óss Nyrðri-Ófæru og allt að 116.904 dýr/m² í Hólmsá ofan Hólmsárfoss (mynd 4). Þéttleiki rykmýs var 322.616 dýr/m² í Grenlæk í september og var rykmý jafnframt algengasti lífveruhópurinn eða 62 prósent. Í júní var þéttleiki rykmýs aftur á móti 41.877 dýr/m² og var rykmý þriðji algengasti lífveruhópurinn í Grenlæk á þeim tíma, eða 13 prósent (tafla 3, mynd 3).

Á vatnasvæði Kúðafljóts og Skaftár fundust rykmýslirfur undirætta bogmýs (Orthocladinae), þeymýs (Chironominae) og kulmýs (Diamesinae) (mynd 4). Engin ránmýslirfa (Tanypodinae) greindist í sýnum. Lirfur bogmýs (Orthocladinae) fundust á öllum sýnatökustöðvunum og voru þær algengasti hópur rykmýslirfa, að meðaltali 418 lirfur/m² til 110.136 lirfur/m², að Grenlæk undanskildum þar sem




Mynd 3. Samsetning botndýra í vatnakerfi Kúðafjóts og Skaftár í júní 2002, auk Grenlækjar í júní og september 2002. Sex algengustu lífveruhópar eru auðkenndir með sér lit en sjaldgæfari lífveruhópar settir saman í annað. Stærð kökurits er í réttu hlutfalli við þéttleika lífvera á flatareiningu samkvæmt innfeldum kökuskala.

Tafla 3. Hlutfall algengustu lífveruhópa af heildarfjölda einstaklinga á hverri sýnatökustöð. Hlutdeild hópa var metin útfrá hlutfalli meðalþéttleika ($\text{dýr}/\text{m}^2$) hvers hóps af heildarþéttleika botndýra á hverri stöð. Númer stöðva vísa í mynd 1.

Stöð	Staður	Hlutdeild einstakra lífveruhópa af heildarfjölda (%)						
